



IS

Leikreglur

Fyrir 2-4 leikmenn
Aldur 5+

Innihald

Þarf 3 AA/LR06 rafhlöður, fylgja ekki með. Notið skrufjárn til að opna rafhlöðuhólfid.



Mikilvægar upplýsingar varðandi rafhlöðurnar:

- Ekki má verða skammhlaup í rafhlöðupólunum - Ekki hlaða óendurhlaðanlegar rafhlöður - Aðeins ætti að endurhlaða rafhlöður undir umsjón fullorðinna - Endurhlaðanlegar rafhlöður verður að fjarlægja úr leikfanginu áður en þær eru hlaðnar - Endurvinnid rafhlöðurnar á réttan hátt, ekki brenna þær eða henda með heimilisúrgangi - Notaðar rafhlöður skal fjarlægja úr leikfanginu - Ólíkar gerðir rafhlaðna eða rafgeyma eða notaða og nýja rafhlöður og rafgeyma ætti ekki að nota saman - Rafhlöður og rafgeyma skal setja inn þannig að pólarinn snúi rétt - Ávallt skal fjarlægja rafhlöðurnar úr leikfanginu eigi ekki að nota það í langan tíma - Geymið leiðbeiningarnar til að varðveita þessar upplýsingar - Notið aðeins þá gerð rafhlaða sem mælt er með - Aðeins fullorðinn einstaklingur ætti að skipta um rafhlöður.

Innihald

- 25 ávaxtaspil
- 1 rafmagnsblandari



Festið handleggina sitthvoru megin á líkama blandarans og setjið límíðann á munninn á honum.

Undirbúningur

Setjið Fruitti Fruitti (Brjálaða blandarann) á mitt borðið svo hann sé innan seilingar allra leikmanna.

GÆTIÐ ÞESS að setja hann ekki of nálægt brúninni, hann hreyfist og gætti fallið fram af. Einnig er hægt að hafa hann á gólfinu.

HVER BYRJAR?

Hver borðaði síðast ávöxt? Þú? Þá byrjar þú og leikurinn heldur síðan áfram rétt-sælis.

Hver leikmaður fær 3 ávaxtaspil sem þeir hafa fyrir framan sig með framhliðina upp. Restin af spilunum er sett í á hvolf í bunka nálægt brjálaða blandaranum.

FYRSTI LEIKMAÐURINN SEM LOSNAR VIÐ ÖLL SPILIN SÍN VINNUR LEIKINN!

Ýtið á reimarnar á vinstri skó brjálaða blandarans til að trekkja hann upp og þið eruð byrjuð!


Leikreglur

Uppskriftnin að góðum ávaxtaþeytingi er einföld, það eru 3 reglur sem þarf að fylgja:

1. Virðið rétta röð ávaxtanna.

Það er jafnaðvelt og dómínó: þegar leikmaður hendir spili í könnuna – t.d. Appelsína/Banani – verður næsti leikmaður að henda út spili þar sem síðasti ávöxturinn er endurtekinn, í þessu dæmi Banani/Epli, og síðan setur næsti leikmaður Epli/Jarðaber o.s.frv.

Munið að endurtaka verður hvern ávöxt minnst einu sinni.



Ef þú getur ekki leikið af því þú átt ekki spil með síðasta ávexti sem var nefndur, dregur þú nýtt spil úr bunkanum. Ef ávöxturinn sem þú þarft er á því, spilarðu því strax út, annars geymirðu það fyrir framan þig og næsti leikmaður á leik.

2. Segið upphátt nöfn ávaxtanna sem þið hendið í könnuna. Næsti leikmaður sér kannski ekki hverju þú kastaðir svo þú verður að nefna ávextina tvo á spilinu þínu í réttri röð. Þetta er mjög mikilvægt. Á spili nr. 2 í dæminu að ofan er Banani/Epli ekki Epli/Banani. Næsti leikmaður man eftir eplinu og leitar að spili með epli. Í þessu tilviki Epli/Jarðaber.

3. Láttu næsta leikmann vita þegar hann á leik: þetta er mikilvægt vegna þess að þegar brjálaði blandarinn spýtir út spilunum, verður sá sem á leik að taka upp spilin og halda þeim. Til að láta næsta leikmann vita segirðu bara „Þú átt leik“.

Í stuttu máli: til að spila, veldu rétta spilið, hentu því í könnuna og segðu upphátt hvað er á því og segðu svo „Þú átt leik“.

***Hvað gerist þegar brjálaði blandarinn spýtir spilunum upp úr könnunni?** Leikmaðurinn sem á leik, sem fékk síðast að heyra „Þú átt leik“ tekur upp öll spilin og setur fyrir framan sig.


Á meðan síðasti leikmaður hefur ekki sagt „Þú átt leik“ við næsta leikmann, á sá leikmaður enn leik og verður að taka upp spilin sem blandarinn spýtir upp. Spilið hratt og ekki gleyma að segja „Þú átt leik“!

- Ef allir leikmenn hafa dregið spil en geta ekki leikið, verður sá fyrsti sem tók nýtt spil að velja nýjan ávöxt.
- Þegar þú átt leik máttu aðeins gera **EINA** tilraun til að setja spilið þitt í blandarann.

Leikslok: um leið og leikmaður á engin spil eftir fyrir framan sig og er búinn að segja „Þú átt leik“, lýkur leiknum og sá leikmaður vinnur.

VIÐVÖRUN:

Köfnunarhætta. Ekki ætlað börnum undir 3ja ára vegna smáhluta sem hægt er að gleypa eða geta staðið í hálsi. Setjið ekki neina aðra hluti í blandarann heldur en spilin sem til þess eru ætluð.



FRUITTI FRUITTI
Þú færst 25 ávaxtaspil og 1 rafmagnsblandari
FRUITTI FRUITTI
FRUITTI FRUITTI

FRUITTI FRUITTI
FRUITTI FRUITTI

